



Hunsa, forðast, fyrirgefa: Sýn barna á árekstra vina og grósku- og festuhugarfar í vináttu

Marit Davíðsdóttir og Eyrún María Rúnarsdóttir

► Abstract

► Um höfunda

► About the authors

► Heimildir

Styðjandi og traust vinatengsl draga úr einmanaleika og ýta undir félagsfærni. Gagnlegt er að skilja hvernig börn hugsa um vináttu og ágreining í vinasamböndum til að unnt sé að hlúa betur að þessari færni. Rannsóknir gefa til kynna að gróskuhugarfar gæti aukið getu barna til að mynda vináttu og leysa ágreining vina. Markmið rannsóknarinnar var að varpa ljósi á sýn og reynslu barna af vináttu og lausn ágreiningsmála. Rannsóknin beindist að grósku- og festuhugarfari og hvernig það skapar leiðir til að takast á við hindranir og árekstra á sem uppbyggilegastan hátt eða ýtir undir frekari árekstra og hindranir. Tekin voru níu rýnihópaviðtöl við samtals 22 börn í fimmta, sjötta og sjöunda bekk. Notast var við markmiðsúrtak. Gögnin voru þemagreind en niðurstöður voru þær að meirihluti barna sem tóku þátt virtist hafa ríkjandi gróskuhugarfar gagnvart vináttu. Ef börn mátu vináttu verðmæta fyrirgáfu þau frekar mistök og báðust fyrirgefningar í kjölfar ágreinings. Festuhugarfar birtist helst í að sum barnanna beittu hefningirni og refsingum eftir árekstra og slitu vináttu ef ágreiningur var ítrekaður. Þau börn sem nutu ráðgjafar og stuðnings foreldra sýndu meiri færni í að leysa ágreining og virtist gróskuhugarfar ríkara hjá þeim en þeim sem nutu síður leiðsagnar foreldra. Vonast er til að niðurstöðurnar auki skilning á hlutverki hugarfars í vináttu og félagatengslum barna, svo hægt sé að aðstoða þau að mynda og viðhalda vinatengslum og auka með því farsæld sína.

Efnisorð: vinátta, félagsfærni, gróskuhugarfar, festuhugarfar, ágreiningur vina, farsæld

Inngangur

Vinátta barna er mikilvæg í hugum flestra barna og foreldra þeirra. Vinátta getur ekki einungis verið uppspretta leiks og gleði, heldur geta vinir veitt stuðning og komið í veg fyrir einmanaleika (Bagwell og Schmidt, 2011; Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2019). Vitað er að styðjandi vinátta hefur jákvæð áhrif á þroska, velferð og hamingju barna (Goswami, 2012; Raboteg-Saric og Sakic, 2014) en óhjákvæmilega mæta börn einhvern tímann hindrunum í vináttumyndun og árekstrum í tengslum við vináttu. Dæmi um það er þegar vinir eru ósammála, bregðast trausti hver annars, börnum er hafnað af vinum eða þau skilin útundan. Ágreiningur vina skapar tækifæri til að ræða, fyrirgefa og finna lausn sem allir geta sætt sig við en getur einnig leitt til vinslita eða áframhaldandi átaka og ágreinings (van der Wal o.fl., 2017). Í því skyni að styðja við farsæl vinatengsl og auka hæfni barna í að setja sig í spor annarra og leysa ágreining er gagnlegt að skoða hvernig börn skilja og leysa úr félagslegum aðstæðum og hindrunum í félagasamskiptum. Viðbrögð við slíku mótlæti velta á reynslu, umhverfi og hugarfari þeirra (Dweck, 2016) og er athygli beint hér að þætti hugarfars í þeim aðstæðum.

Rannsóknir á svokölluðum ómeðvitðum kenningum í jafningjasamböndum (Rudolph, 2010) gefa til kynna að ef stuðlað er að því viðhorfi barna að félagsfærni sé mótanleg og jafningjasambönd sé hægt að bæta, getur það ýtt undir að þau horfi til eigin félagsfærni og samskipta í stað þess að einblína á sjálfsmat, sjálfupphafningu og samkeppni. Í gróskuhugarfari (e. growth mindset) felst sú trú að heilinn sé endurmótanlegur og með endurtekinni æfingu sé hægt að öðlast nýja færni (Dweck, 2016). Gróskuhugarfar getur aukið seiglu, trú á eigin getu og getu barna til að mynda vináttu (Woods o.fl., 2020). Festuhugarfar felst í því gagnstæða, að líta á mistök sem áfellsdóm, gefast fyrr upp og forðast að reyna aftur (Dweck, 2016).

Markmið þessarar rannsóknar, sem er eigindleg viðtalsrannsókn byggð á rýnihópaviðtölum, er að varpa ljósi á reynslu og sýn 10–12 ára barna á árekstra og ágreining í vináttu. Sjónum er beint að hvernig þau skilja, hugsa um og bregðast við slíkum áskorunum. Spurt er hvernig hugarfar grósku eða festu getur skapað leiðir til að ýmist takast á við hindranir og árekstra á sem uppbyggilegastan hátt eða ýta undir frekari árekstra og hindranir.

Tengsl hugarfars og árangurs í námi hafa mikið verið rannsökuð (Blackwell o.fl., 2007; Claro og Loeb, 2024; Claro o.fl., 2016) en tengsl hugarfars og vináttu minna. Gildi rannsóknarinnar er að auka skilning á hlutverki hugarfars í vináttu, félagatengslum og við lausn ágreinings. Skilningur og innsýn í upplifun barna af vináttu má nýta á vettvangi heimila, skóla og frístundastarfs til að styðja börn við að mynda og viðhalda vináttu, og efla færni þeirra og bjargráð við að leysa ágreining.

Vinátta og hugsun barna á miðstigi

Vinátta er sjálfviljugt og gagnkvæmt samband milli jafningja, byggt á sameiginlegum áhuga eða væntumþykju og getur þróast með því að báðir aðilar deila persónulegum hugsunum, tilfinningum og samkennd (Maunder og Monks, 2019; Rose o.fl., 2022; Sigrún Aðalbarnardóttir, 2019). Börn lýsa vinum sem skilningsríkum, tryggum og áreiðanlegum og að vinir verji tíma saman, deili áhugamálum og upplýsingum um sig (Hartup og Stevens, 1997; Rose o.fl., 2022). Félagsleg tengsl gegna mikilvægu hlutverki í velferð og til að viðhalda hamingju, en skortur á þeim getur dregið úr vellíðan og aukið einmanaleika (Waldinger og Schulz, 2023).

Ávinningur sem hlýst af vináttu barna veltur frekar á gæðum en fjölda vina (Hartup og Stevens, 1997). Gagnkvæm vinatengsl bestu vina fela í sér meiri gæði í vináttu en laustengdari vinatengsl (Maunder og Monks, 2019) og gæðarík vinátta er talin stöðugri og varir lengur en þegar gæði eru minni (Berndt, 2004; Hiatt o.fl., 2015). Rannsóknir benda til þess að styðjandi vinátta geti dregið úr neikvæðum áhrifum eineltis eða skorti á samþykki vina og að einn styðjandi vinur geti skipt sköpum í þeim aðstæðum (Kochel o.fl., 2017; Malcolm o.fl., 2006).

Á aldrinum tíu til tólf ára, sem er sá aldur sem þessi rannsókn beinist að, eykst sjálfstæði barna, samskipti við jafningja verða mikilvægari og félagslegur samanburður eykst. Börn móta hugmyndir um sig sjálf, greind sína, persónulega eiginleika, kyn og uppruna og hafa almennt jákvæðar en þó raunsæjar hugmyndir um hæfni sína (Thomaes o.fl., 2017). Þau leita samþykkis í jafningjahópnum og vilja tilheyra hvort sem það er í hóp, skóla eða í íþróttaliði (Forsberg, 2023; Oberle o.fl., 2019). Samkennd og félagslegur skilningur eykst (Weissberg o.fl., 2016) en það gerir þrýstingur frá jafnöldrum einnig sem getur hvatt til neikvæðrar hegðunar eins og stríðni, áhættuhegðunar eða annarrar andfélagslegrar hegðunar (Leather, 2009).

Á þessum aldri fjarlægjast börnin sjálflægni sem einkennir yngri börn og reglur samfélagsins, viðhorf og væntingar vina og fjölskyldu fara að vega meira í hegðun þeirra. Siðgæðisproski þeirra getur endurspeglað virðingu og þakklæti og vilja til að koma fram við aðra eins og þau vilja láta koma fram við sig (Zhang og Zhao, 2017). Rökhugsun einkennist af hlutlægni og hæfnin til að setja sig í spor annarra eykst vegna aukinnar hæfni til að sjá aðstæður út frá mismunandi sjónarhornum (Piaget, 1950/2001; Selman, 1980).

Samkvæmt kenningu Roberts Selman (1980) er vinasamband barna á þessu aldursskeiði að jafnaði tvíhliða. Hæfnin að setja sig í spor annarra þróast og þar með getan að taka tillit til sjónarhorns beggja. Oft er eitt sjónarmiðið þó ríkjandi. Yngri börnin sýna frekar einhliða eða hvatvís viðbrögð við ágreiningi, svo sem að rjúka í burtu, ráðast á hinn eða láta undan. Hæfnin til að samræma sjónarmið kemur síðar en þá geta börnin samhæft mismunandi sjónarmið og fundið lausn sem báðir aðilar eru sáttir við. Þessi samskiptahæfni er mikilvæg í að leysa ágreining á farsælan hátt (Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2007, 2019).

Samskipti barna við jafningja veita þeim tækifæri til að þjálfa félagsfærni sína. Þau læra að leysa úr ágreiningi með því að rökræða, gera málamiðlanir, tjá og hafa stjórn á tilfinningum sínum (Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2007). Félagsfærni ræðst af þroska og fyrri reynslu en er einnig einstaklingsbundin. Safngreining á leiðum sem börn, unglingar og ungt fólk notar til að leysa ágreining við jafningja leiddi í ljós að þær leiðir fóru eftir aldri barnanna. Yngri börn notuðu helst þvinganir, unglingar vildu helst fjarlægja sig úr aðstæðum og síðan jókst notkun málamiðlana með auknum þroska (Laursen o.fl., 2001).

Árekstrar eða ósætti milli barna geta bæði komið í veg fyrir vináttu og valdið vinslitum (Hartl o.fl., 2015; Hartup, 1992). Börn forðast almennt ágreining við vini en reyna eftir bestu getu og þroska að leysa ágreining þannig að báðir aðilar séu ánægðir. Vinasambönd leysast sjaldan upp vegna einstaka ágreinings (Hartup, 1992) en ef ágreiningurinn er endurtekinn og viðvarandi hefur það áhrif á hvernig börn skynja gæði sambandsins. Því nánara sem vinasambandið er því minni líkur eru á að vinir sýni reiði í kjölfar árekstra (Murphy og Eisenberg, 2002). Börn eru líklegri til að fyrirgefa vinum sínum en kunningjum og má segja að virðið sem þau leggja í vinasambandið ákvarði hversu líkleg þau eru til að fyrirgefa þegar vinur gerir eitthvað á þeirra hlut (van der Wal o.fl., 2017). Börn sem búast við neikvæðum samskiptum við vini eru líklegri til að ýta undir eða kalla fram ágreining og geta verið viðkvæmari fyrir neikvæðum samskiptum (Bagwell og Schmidt, 2011).

Grósku- og festuhugarfar í vináttu

Hugarfari má líkja við linsu sem mótar sýn einstaklings á sjálfan sig og umhverfi sitt. Það hefur áhrif á viðhorf, ákvarðanatöku, tilfinningalega líðan og hæfni til að takast á við áskoranir. Samkvæmt Dweck (2016) er hægt að skipta hugarfari einstaklinga í gróskuhugarfar og festuhugarfar. Það sem aðgreinir þetta tvennt er hvernig tekist er á við erfiðleika og mótlæti, en einnig hvernig viðhorfið er til lærdóms og þroska.

Þeir einstaklingar sem hafa festuhugarfar túlka mistök sín sem eitthvað óbreytanlegt sem þeir hafa ekki stjórn á og trúa því að þeir séu ekki nægilega færir eða búi ekki yfir hæfileikum á ákveðnu sviði. Þessi skerta trú á eigin getu gerir það að verkum að viðkomandi forðast jafnvel mistök. Þeir sem hafa gróskuhugarfar trúa því að ekki séu til meðfæddir hæfileikar, fyrirhöfn sé nauðsynleg til að ná árangri og mistök séu nauðsynleg forsenda lærdóms og þroska. Árangur annarra er þeim innblástur og telja þeir að hægt sé að læra af gagnrýni. Þessir einstaklingar eru ekki endilega greindari eða færari en þeir sem hafa festuhugarfar, heldur hafa þeir meiri trú á eigin getu, eru bjartsýnni og eiga auðveldara með að takast á við mótlæti (Dweck, 2016).

Tvískiptingin í hugarfari hefur sætt töluverðri gagnrýni fyrir of mikla einföldun og notkun mælitækja sem fanga illa flókinn veruleika (Kristján Kristjánsson, 2008). Dweck hefur hins vegar áréttað að hugarfar sé ekki annaðhvort eða, heldur megi líta á það sem eins konar róf á talnalínu þar sem andstæðir pólur eru á hvorum enda. Sami einstaklingurinn getur haft ólíkt hugarfar í mismunandi aðstæðum, á sviðum eða tímum (Yeager og Dweck, 2020).

Rannsókn Woods og félaga (2020) sýndi að börn sem höfðu ríkjandi gróskuhugarfar í meiri mæli en aðrir áttu fleiri vini. Rannsóknir á túlkun ungmenna á hindrunum í jafningjasamskiptum hafa sýnt að þeir sem trúa því að persónulegir eiginleikar séu óbreytanlegir beita gjarnan hefnigirni og refsingu við árekstra í samskiptum við jafnaldra. Unglingar sem líta á persónulega eiginleika sem

endurmótanlega sýna frekar þrautseigju og félagslega jákvæða hegðun við þessar aðstæður (Yeager og Miu, 2011; Yeager o.fl., 2011). Rannsókn frá Bandaríkjunum á nemendum í 5. bekk leiddi í ljós að þeir sem höfðu festuhugarfar voru líklegri til að líta á félagslega höfnun sem staðfestingu á að þeir væru ekki færir um að eignast vini og notuðu jafnvel fullyrðingar um sjálfa sig að kannski væru þeir einfaldlega ekki viðkunnanlegir (Erdley o.fl., 1997). Tengsl hafa einnig fundist á milli þess að hafa festuhugarfar og sýna árásarhneigð eða depurðareinkenni í kjölfar ítrekaðrar stríðni eða eineltis (Rudolph, 2010).

Lært hjálparleysi er trú á að viðbrögð einstaklings breyti litlu um útkomu og getur orðið til vegna endurtekinna neikvæðra aðstæðna eða mótlætis sem erfitt er að stjórna (Dweck, 2017). Hugtakið er tengt festuhugarfari þannig að reynslan hefur kennt einstaklingi að ekkert sem hann geri breyti aðstæðum, jafnvel þó að hann hafi færni til þess. Hjálparleysi hjá börnum birtist gjarnan í að þau eru fljótari að skynja höfnun og rekja hana til þess sem þau hafa ekki stjórn á, draga sig úr aðstæðum eða bregðast við með neikvæðum hætti ef þau hafa ekki kost á að draga sig úr aðstæðum. Þau einblína á hæfni sína og erfiðleika og óttast að þau verði ekki samþykkt. Börn sem hafa gróskuhugarfar túlka síður hegðun annarra sem höfnun og beita uppbyggilegum leiðum til að laga aðstæður. Ef ekki tekst að mynda tengsl sjá þau mistök sín síður sem áfellsdóm yfir hversu viðkunnanleg þau eru eða að þau þýði að þeim verði hafnað í framtíðinni (Dweck, 1981, 2017).

Umönnunaraðilar barna, hvort sem það eru foreldrar, kennarar eða aðrir uppeldisaðilar, hafa áhrif á mótun hugarfars þeirra með því að leggja áherslu á að lærdómur sé ferli, mistök séu nauðsynleg undirstaða lærdóms og markmið lærdóms sé að dýpka skilning og þroska (Haimovitz og Dweck, 2016). Rannsóknir hafa leitt í ljós að hægt er að stuðla að gróskuhugarfari hjá 10–12 ára börnum með því að hrósa fyrir ferli, áætlun og fyrirhöfn. Á hinn bóginn getur hrós fyrir greind og persónulega eiginleika ýtt undir festuhugarfar barna. Sérstaklega eru börn með lágt sjálfsálit líklegri til að tengja mistök við eigin getu (Brummelman o.fl., 2014; Mueller og Dweck, 1998).

Of mikil áhersla á að hrósa fyrir dugnað og fyrirhöfn hefur sætt gagnrýni (Kristján Kristjánsson, 2008). Dweck (2016) hefur varað við ofureinföldun á kenningunni og hættunni á að innleiða falskt gróskuhugarfar með yfirborðskenndu hrósi fyrir viðleitni. Mikilvægt sé að því fylgi áhersla á lærdóm. Rannsóknir á 9–11 ára börnum og foreldrum sýndu að foreldrar gætu ýtt undir gróskuhugarfar barna sinna með því að leggja áherslu á að mistök væru lærdómstækifæri en ekki áfellsdómur á færni barnanna (Haimovitz og Dweck, 2016).

Í rannsókn Cheung og félaga (2016) kom fram að unglingar með gróskuhugarfar virtust frekar en unglingar með festuhugarfar deila daglegu lífi sínu með foreldrum sínum og sækja til þeirra leiðsögn og stuðning varðandi samskipti við jafningja. Þeir ræddu félagslegar áskoranir líkt og einelti eða árásgjarna hegðun jafningja sinna opinskátt við foreldra og voru opnari fyrir ráðgjöf þeirra og tilfinningalegum stuðningi en ungmenni sem höfðu festuhugarfar.

Rannsóknir hafa bent til þess að hugarfar barna hafi áhrif á samskipti við vini, lausn ágreiningsmála og líkur á að börn sækji stuðning og ráðgjöf til foreldra. Markmið þessarar rannsóknar er að varpa ljósi á sýn og reynslu 10–12 ára barna af vináttu og viðbrögðum við árekstrum. Rannsóknarspurningar sem lagðar eru til grundvallar eru: Hver er sýn 10–12 ára barna á ávinning og árekstra í vinasamböndum? Hvernig getur hugarfar grósku eða festu hjá 10–12 ára börnum skapað leiðir til að ýmist takast á við hindranir og árekstra í vináttu á sem uppbyggilegastan hátt eða ýtt undir frekari árekstra og hindranir?

Aðferð

Þessi rannsókn er hluti stærra rannsóknarverkefnis annars höfundar sem nefnist Félaga- og vinatengsl í fjölbreyttum barna- og unglingahópi og var styrkt af Rannsóknasjóði Háskóla Íslands. Gögnum var safnað með níu rýnihópaviðtölum við 22 börn úr 5.–7. bekk í grunnskóla á höfuðborgarsvæðinu.

Þátttakendur

Þátttakendur voru 22 nemendur úr 5., 6. og 7. bekk í grunnskóla á höfuðborgarsvæðinu þar sem uppruni nemenda er talsvert fjölbreytilegur. Tekin voru níu viðtöl og voru tvö til þrjú börn í hverjum hópi. Þátttakendur voru valdir með markmiðsúrtaki með hliðsjón af að fá sem fjölbreyttastan hóp barna, bæði hvað varðar vinatengsl, stöðu í jafningjahópum og uppruna. Hliðverðir gegna hlutverki við að veita aðgengi að rannsóknarvettvangi og gæta hagsmuna þátttakenda (Guðrún Kristinsdóttir og Hervör Alma Árnadóttir, 2015; Kay, 2019). Í þessari rannsókn gegndi kennari í skólanum sem fyrsti höfundur þekkti til þessu hlutverki. Hliðvörður og umsjónarkennarar voru beðnir að velja börn til þátttöku með ofangreind markmið um fjölbreyttan hóp í huga. Miðað var við að allir þátttakendur í hópnum hefðu innbyrðis vinatengsl í því skyni að skapa aðstæður sem einkenndust af trausti og öryggi. Rýnihóparannsóknir með ungmennum gefa til kynna að þau tjái frekar skoðanir sínar ef þau þekkja og treysta hinum í hópnum (McGarry, 2015).

Upphaflega var 31 nemandi valinn til mögulegrar þátttöku en 24 þeirra samþykktu að taka þátt. Tveir nemendur voru veikir á viðtalsdegi og var heildarfjöldi þátttakenda því 22. Tiltölulega jafnt hlutfall stelpna og stráka tók þátt í viðtölum, eða tólf stelpur og tíu strákar en ekkert barnanna skilgreindi kyn sitt á annan hátt. Í *Töflu 1* eru þátttakendur kynntir með gervinafni sem þeim var gefið.

Tafla 1

Þátttakendur í rýnihópum eftir gervinöfnum og aldri

Aldur (bekkur)	Viðtal númer	Gervinöfn þátttakenda		
10 ára (5. bekkur)	1	Bergur	Jakub	
10 ára (5. bekkur)	2	Klara	Salka	Silja
11 ára (6. bekkur)	3	Elísa	Emilía	Snædís
11 ára (6. bekkur)	4	Emil	Óðinn	
11 ára (6. bekkur)	5	Hilmar	Mai	
11 ára (6. bekkur)	6	Kristján	Lilja	Pórunn
12 ára (7. bekkur)	7	Bára	Birna	Kristín
12 ára (7. bekkur)	8	Jónas	William	
12 ára (7. bekkur)	9	Kristófer	Örvar	

Taflan sýnir aldur barna og hver þeirra komu saman í viðtöl. Í viðtölunum komu fleiri nemendur við sögu þegar rætt var um upplifanir og reynslu af tengslum og félagasamskiptum. Nöfnum þeirra barna var einnig breytt í niðurstöðum.

Framkvæmd og gagnaöflun

Rannsóknin var framkvæmd á haustmánuðum 2023. Gagnasöfnun fór fram með rýnihópaviðtölum við börnin. Í rýnihópum gefst færi á að skilja reynslu og viðhorf tiltekins hóps gagnvart viðfangsefni og hvernig þátttakendur tjá og skapa merkingu og sýn á efnið í umræðu (Sóley S. Bender, 2021) líkt og var markmið þessarar rannsóknar.

Þátttakendur komu í eitt skipti í viðtal sem fór fram í fundarherbergi skólans á skólatíma. Safar og ávextir voru í boði fyrir þátttakendur. Hvert viðtal tók að hámarki eina klukkustund og tóku höfundar þau öll í sameiningu. Viðtölin voru hljóðrituð og afrituð að þeim loknum.

Stuðst var við opinn viðtalsramma í viðtölunum. Við undirbúning rannsókna voru þekktir spurningalistar sem meta vináttu, samskipti vina og hugarfar gagnvart persónulegum eiginleikum (Dweck, 1999; Parker og Asher, 1993) hafðir til hliðsjónar og veittu innblástur við gerð viðtalsrammans. Einnig voru notaðar skáldaðar klípusögur um árekstra og ágreining í vináttu í viðtölunum. Klípusögur gegna hlutverki ísbrjóts, að beina samtölum í ákveðna átt, að skoða fyrirbæri í smáatriðum eða til að nota á annan, fjölbreyttan máta (Gray o.fl., 2017).

Í viðtölunum voru lesnar þrjár skáldaðar klípusögur sem fjölluðu um samskipti milli barna en hér er athygli beint að tveimur þeirra. Fyrri sagan fjallaði um þrjár vinkonur í 7. bekk sem verja öllum stundum saman. Tvo daga í röð segjast tvær þeirra vera uppteknar þegar sú þriðja, Rebekka, biður þær að leika eftir skóla. Seinni daginn sér Rebekka vinkonurnar án hennar í ísbúð. Önnur sagan fjallaði um Sverri, fótboltastrák í 6. bekk, sem dreymir um að verða atvinnumaður en er dálítið tapsár. Lið hans tapar í fótboltaleik í skólanum og hann ræðst á vin sinn sem stríðir honum á tapinu. Þegar sögunar höfðu verið lesnar upphátt voru börnin beðin um að útskýra líðan barnanna í sögunum, setja sig í þeirra spor og þau spurð spurninga um möguleg viðbrögð í slíkum aðstæðum. Aðferðin hentaði vel til að ræða viðkvæm málefni á öruggan hátt, í stað þess að spyrja börnin beint um eigin reynslu.

Greining

Við greiningu gagna var bæði afleiðslu (e. deductive approach) og aðleiðslu (e. inductive approach) beitt. Með afleiðslunni voru gögnin skoðuð með því að leita að tilteknum hugtökum úr kenningum um hugarfar samkvæmt rannsóknum Carol Dweck (2016). Leitað var eftir hugtökum sem lýstu færni, áskorunum, hindrunum, fyrirhöfn, gagnrýni og velgengni annarra. Aðleiðslan fólst í þemagreiningu sem hafði það markmið að leita að mynstrum í gögnunum (Braun og Clarke, 2006). Gögnin voru marglesin, hugmyndir að kóðum skráðar og því næst voru gögn kóðuð með kerfisbundnum hætti. Rýnt var í kóða og þeir kóðar sem álitnir voru mikilvægir voru dregnir saman og mynduð úr þeim þemu. Þemun sem komu fram við afleiðslu og aðleiðslu voru svipuð og voru þau samþætt. Meginþemun voru þrjú og lýsir hið fyrsta ávinningi vináttu og áskorunum í vinasamböndum, annað þemað fjallar um viðbrögð við árekstrum í vináttu og mistökum vina og þriðja þemað um stuðning og ráðgjöf foreldra, systkina, vina og fagaðila þegar börnin leystu ágreiningsmál.

Siðferðileg álitaefni

Þar sem þátttakendur rannsóknar voru börn á aldrinum 10–12 ára, þurfti að huga sérstaklega að velferð og rétti þeirra og afla heimilda um leyfi, aðgengi og samþykki þeirra sem hagsmuna áttu að gæta (Guðrún Kristinsdóttir og Hervör Alma Árnadóttir, 2015). Beiðni um umsögn var send siðanefnd háskólanna um vísindarannsóknir (nr. SHV2022-018) og var niðurstaða nefndar að rannsóknin stangaðist ekki á við siðareglur og því ekki tilefni til að mæla gegn henni. Leyfis var aflað hjá skólayfirvöldum, skólastjóra og hliðverði. Áður en viðtölin fóru fram var upplýsts samþykkis aflað frá þátttakendum og foreldrum þeirra þar sem tekið var fram að niðurstöður myndu birtast í ritrýndum tímaritum og á ráðstefnum. Aðstoðarskólastjóri óskaði eftir þátttöku barnanna með tölvupósti til foreldra sem innihélt upplýsingar um rannsóknina og leyfisbréf, en einnig fengu nemendur leyfisbréfið heim í umslagi. Þeir nemendur sem höfðu áhuga á þátttöku og foreldra sem

samþykktu komu með útfyllt leyfisbréf í skólann.

Við upphaf viðtals fengu börnin skýrar upplýsingar um tilgang þess, hlutverk rannsakenda og hvernig viðtalið færi fram. Rannsakendur þekktu börnin ekki fyrir fram, sem kallaði á markvissa vinnu við að skapa traust og öryggi með skýrum samskiptum, hlýju og virðingu. Með kynningu á rannsókninni var lagður grunnur að trausti, samvinnu og tengslum (Guðrún Kristinsdóttir, 2017). Börnin voru beðin að undirrita upplýst samþykki og þeim gerð grein fyrir rétti sínum til að neita þátttöku eða neita að svara tilteknum spurningum. Rannsakendur lögðu áherslu á að engin svör væru rétt eða röng, enda beindist rannsóknin að upplifunum og sjónarmiðum þeirra. Börnin fengu einnig blöð sem þau gátu sýnt til að gefa til kynna að þau vildu hlé eða sleppa að svara spurningu. Enginn nýtti blöðin í viðtölunum.

Við rannsóknir með börnum skapast valdamisræmi milli rannsakenda og barns og eru rýnihópar ein þeirra leiða sem geta dregið úr því (Adler o.fl., 2019). Börnin sem tóku þátt í rannsókninni komu með vinum sínum í viðtölin, höfðu stuðning hvert af öðru og sterkari stöðu gagnvart rannsakendum en unnt er að skapa í einstaklingsviðtali. Notkun klípusagna vakti mikinn áhuga barnanna og skapaði ákveðna fjarlægð sem gerði þeim kleift að ræða málefnið á öruggan hátt, án þess að þurfa að tengja við persónulega reynslu (Gray o.fl., 2017). Með því að skapa slíka fjarlægð er dregið úr líkum á að umræðuefnið valdi uppnámi eða hugarangri. Aðferðin hefur einnig reynst vel til að draga úr félagslega samþykkttri svörun og þóknunarhneigð (Gray o.fl., 2017). Í lok viðtalanna lýstu mörg barnanna áhuga á að vera lengur í viðtalinu eða mæta aftur, sem rannsakendur mátu sem vísbendingu að tekist hefði að skapa traustvekjandi og hlýlegt andrúmsloft þar sem börnin gátu tjáð sig frjálst og dregið sig í hlé ef þau þurftu.

Gætt var fyllsta trúnaðar við öflun, skráningu og geymslu upplýsinga í samræmi við lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018. Einungis rannsakendur höfðu aðgang að gögnunum. Úrvinnsla gagnanna var með þeim hætti að ekki er hægt að rekja niðurstöður til einstakra þátttakenda, öllum þátttakendum var gefið gervinafn og aðstæðum lýst þannig að enginn þekktist. Fyrir birtingu las hliðvörður, sem gætti hagsmuna barnanna, rannsóknarniðurstöður. Hliðvörður kannaði hvort þörf væri á að leiðrétta misskilning eða rangfærslur og meta hvort niðurstöður drægju upp skakka mynd. Hliðvörður gerði engar athugasemdir við niðurstöður.

Niðurstöður

Fjallað er um niðurstöður í þremur meginköflum. Í fyrsta kafla er fjallað um sýn barna á vináttu, ávinning hennar og áskoranir, annar kafla fjallar um hvernig börnin tókust á við áskoranir og leystu ágreining við vini. Sá kafla skiptist í þrjá undirkafla: 1) Höfnun og hunsun, 2) Hefnigirni, refsingar og vinslit og 3) Fyrirgefning. Þriðji og síðasti kafla fjallar um þátt foreldra, systkina, vina og fagaðila við að styðja og gefa ráð um lausn ágreinings.

Ávinningur og áskoranir í vinasamböndum

Börnin höfðu skýra sýn á hvað einkennir góða vináttu og hvaða eiginleika góður vinur hefur. Áhugavert var að þegar þau vantaði orð til að lýsa góðum vini, gripu mörg þeirra til þess ráðs að lýsa vini eða vinkonu sem var með þeim í viðtalinu. Sum barnanna, líkt og Birna og Emilía, lögðu áherslu á að vinir þyrftu að vera traustir, að hægt væri að segja þeim leyndarmál, en einnig að þeir þyrftu að vera góðir að hlusta og gefa ráð. Önnur börn bentu á mikilvægi þess að vinir hvettu hver annan áfram og væru stuðningsmenn vina sinna líkt og kom fram í frásögn Williams: „... hjálpar manni mjög mikið og bara ef ég get ekki gert eitthvað líka eins og þegar við erum að keppa í fótbolta þá bara segir hann mér að halda áfram, bara ekki stoppa.“ Fjöldi vina skipti ekki máli heldur gæði líkt og Lilja nefndi: „... það er betra að eiga einn mjög góðan vin, en kannski tíu ekki góða vini. Sumir eru platvinir.“ Hilmar ræddi reynslu af því þegar vinir notfærðu sér góðvild og gjafmildi bekkjarfélaga en væru í raun og veru ekki alvöru vinir.

Börnin svöruðu öll játandi þegar þau voru spurð hvort þeim þætti mikilvægt að eiga vini. Flest þeirra töldu vináttu nauðsynlega til að koma í veg fyrir einmanaleika og vanlíðan, enda skapa vinir vettvang fyrir leik og samskipti. Þórunn sagði til dæmis: „Af því að ef þú ert einn þá getur þú oft verið bara mjög leiður.“ Snædís lýsti hvernig hún nyti þess að sitja við hlið vina í tímum, þar væri hún örugg og fengi hjálp við að læra. Silja sagði að það gæti verið gott að eiga vini ef hún „lendir í einhverju vandamáli, til dæmis í frímínútum eða eitthvað“. Ljóst var af orðum barnanna að ávinningur þess að eiga vini væri margvíslegur og að vináttan stuðlaði að félagslegum og tilfinningalegum þroska þeirra.

Í viðtölunum ræddu börnin ekki aðeins ávinning heldur einnig áskoranir. Þau sögðu frá ýmiss konar ósætti, að vera skilinn útundan eða hafnað og öll börnin höfðu reynslu af einhvers konar átökum eða ágreiningi innan vinahóps síns, eða að vera ósammála vinum. Hjá sumum virtust átökin minniháttar og vara í skamman tíma en hjá öðrum voru þau ítrekuð og einkenndust af rifrildum og jafnvel líkamlegum átökum. Nánar verður fjallað um þessi átök í næstu köflum.

Í svörum barnanna kom fram að það væri hluti af vinasamböndum að vera stundum ósammála vinum og ósætti gæti komið upp. Lilja nefndi í sínu viðtali að hún og vinkona hennar væru oft ósammála: „... samt erum við alveg vinkonur. Þetta er bara svona, við rífumst og svo er það búið.“ Aðrir nefndu lausnir þegar vinir væru ósammála eins og að ræða málin eða kannski bara „gúggla“ ágreiningsefnið til að útkljá ágreining. Þegar börnin mátu vináttu verðmæta beittu þau uppbyggilegum leiðum til að leysa vanda. Rýnt verður í leiðir til að leysa ágreining í næsta kafla.

Viðbrögð við árekstrum og mistökum vina

Þemað viðbrögð við árekstrum og mistökum vina fjallar um aðstæður og ágreining milli vina sem geta skaðað vinatengsl. Með mistökum í vináttu vísa rannsakendur til aðstæðna sem börnin ræddu eins og notkun lyga, baktals, að skilja útundan, sýna óvirðingu með uppnefnum eða ljótum orðum eða aðra særandi hegðun. Sum börnin höfðu orðið vitni að slíkum uppákomum og hegðun og önnur höfðu upplifað ítrekuð rifrildi og ósætti. Eitt barnanna lýsti að vinir þess væru oft að uppnefna og nota líkamlegt ofbeldi. Þau bjargráð sem börnin gripu að eigin sögn til voru hunsun til að forðast vandamálið, sum vildu hefna sín á vini sem gerði mistök, refska eða slíta vináttu en einnig var fyrirgefning áberandi og verður fjallað um þessi viðbrögð í undirköflunum þremur.

Höfnun og hunsun. Endurtekið kom fram í viðtölunum að börnin notuðu hunsun í stað þess að leitast við að ræða og leysa vanda sem kom upp í samskiptum vina. Nokkur þeirra, líkt og Kristín, sögðust láta vini „... bara í friði í smástund. Kannski nokkra daga. Síðan gleymum við þessu bara“ og Mai sagðist „bara hætt að tala eftir þrír dagar, fjórir, tveir, tala aftur saman“. Börnin greindu frá því að þau löbbuðu gjarnan í burtu ef þau yrðu reið og ósammála vinum. Enn aðrir sögðu það algengt hjá krökkum ef þau rifust að þau segðust ekki vera vinir, lékju ekki í einn dag og næsta dag væri allt búið án þess að það hefði verið rætt.

Tæplega helmingur barnanna hafði reynslu af að vera skilin útundan. Sum þeirra höfðu lent í því ítrekað líkt og Kristín. Samnemendur hennar staðfestu að Kristínu væri ítrekað strítt og hún lögð í einelti. Viðbrögð flestra þeirra við slíkri höfnun voru að hunsa vini sína og vandamálið. Kristín sagðist ekkert bregðast við því hún þyrði „eiginlega ekkert að gera“ og Jakub sem hafði verið skilinn útundan gerði lítið úr sinni upplifun og vildi meina að það væri hætt að gerast. Hunsun birtist einnig í svörum barnanna þegar þau voru beðin um að setja sig í spor Rebekku í fyrri klípusögunni. Algengt svar var að best væri fyrir Rebekku að bíða einn dag, hunsa vandamálið og spyrja svo seinna, eða gera ekkert, gráta og hlaupa heim, leika við aðra vini eða fara jafnvel að sofa. Sagan um Rebekku vakti mest viðbrögð af klípusögunum enda er líklegt að mörg börn hafi reynt eitthvað svipað. Öll börnin töldu að Rebekka hefði verið skilin útundan og vinkonur hennar hefðu logið að henni. Ekkert þeirra taldi um tilviljun að ræða eða að eðlileg skýring væri á að vinkonur Rebekku fóru í ísbúðina án hennar. Neikvæðir skýringarhættir voru ríkjandi hjá öllum börnunum þegar þau voru spurð af hverju þau héldu að þetta hefði gerst. Það hlyti að vera Rebekku að kenna, hún væri „ófyndin og leiðinleg“, „pirrandi og þau hati hana“ og Þórunn sagði:

Kannski fannst þeim Rebekka vera leiðinleg og nenntu ekki að vera með henni lengur. Bara, sögðu að þær gætu ekki leikið og voru bara að ljúga. ... Kannski fannst þeim hún vera leiðinleg og stjórnsöm.

Þórunn útskýrði hvernig það að vera skilinn útundan leiddi til ljóts sjálfstals: „Segja bara: Það nennir enginn að vera með mér því að ég er svo leiðinleg. Kannski að byrja að hugsa af hverju það nennir enginn að vera með henni.“ Þegar börnin voru spurð hvernig einhverjum liði sem væri skilinn útundan voru þau öll sammála um að viðkomandi myndi líða mjög illa.

Aðeins einn vinkvennahópur viðurkenndi að hafa skilið útundan. Þær sögðust hafa gert það því sú sem þær skildu útundan hefði verið „leiðinleg“ við aðra vinkonu þeirra og væri oft „dónaleg“ í framkomu þrátt fyrir að vera beðin að hætta því. Þær hefðu á endanum logið til að þurfa ekki að hitta hana líkt og Salka sagði frá: „Svo endaði bara með því að við þurftum að segja að við vorum að fara í bíó.“ Salka sagði að þær væru þó enn í samskiptum en árekstrar væru tíðir þeirra á milli. Þrátt fyrir að Salka hafi lýst að hafa upplifað mikla vanlíðan í kjölfar þess að vera skilin útundan réttlætti hún þá hegðun að útiloka aðra vinkonu með vísan til þess að sú hefði sýnt vinkonum sínum slæma framkomu.

Hefnigirni, refsingar og vinslit. Í svörum sumra barnanna mátti greina hefnigirni eða refsingar sem viðbrögð við ágreiningi. Hilmar lýsti að leið sín og vinahópsins væri að „fighta“ sem hann útskýrði að væri að rífast og slást ef þeir yrðu ósáttir. Slagsmálin ættu sér jafnvel stað inni í skólastofunni eins og hann lýsti hér:

Bara kýla hvort annan eða. ... Gera það bara hérna inni í skólastofunni. ... Sami gæinn sem fær alltaf glóðu ... [bendir á andlit] hann er alltaf að reyna að „fighta“ einhvern. Ég er nýbúinn að „fighta“ hann og hann þarna hætti að vera vinur minn svoldið lengi en svo er hann aftur vinur minn.

Mai sagðist jafnframt hafa reynslu af að slást við vinkonu sína Amelíu. Þær hefðu ítrekað slegist þegar þær væru ósáttar en alltaf orðið vinkonur aftur. Nú væri Amelía komin í annan skóla, mamma Amelíu hefði bannað þeim að hittast og því væru þær ekki vinkonur lengur. Hilmar og Mai lýstu því að hafa ákveðna tilhneigingu til að „gera það sama og þau gerðu við mig, gera það til baka“. Salka sagði einnig að hún myndi beita hefnigirni í kjölfar þess að vera skilin útundan. Ef hún væri Rebekka úr fyrri klípusögunni myndi hún hefna sín með því að „labba í öxlina“ á vinkonum sínum og segjast vera hætt að vera vinkona þeirra:

... af hverju hérna, fóruð þið hingað ef þið sögðuð að þið væruð uppteknar og bara segja, ég er hætt að vera vinkona ykkar og kannski labba svona viljandi óvart í öxlina á þeim. ... Já ég geri það svolítið oft ef einhver er leiðinlegur við mig. Og svo segi ég: Ég er hætt að vera vinkona ykkar.

Sum barnanna sögðu að þau vildu alls ekki tala aftur við vini sína ef þau myndu ítrekað skilja sig útundan og slíkt myndi leiða til vinslita. Birna lýsti reynslu af vinslitum: „Það er ein stelpa í bekknum, einu sinni vorum við bestu vinkonur. Hún var alltaf að svíkja mig þannig að ég hætti að vera vinkona hennar. Og fékk nýjar vinkonur.“ William talaði um að hafa liðið illa í kjölfar þess að vera skilinn útundan og hugsað með sér: „Gerði ég eitthvað við þeim eða eitthvað svo þau myndu ekki nenna að vera með mér?“ Hann sagðist hafa upplifað þetta ítrekað frá sama hópnum þar til hann ákvað að hætta að reyna að vera með þeim og vináttan slitnaði.

Elísa, Hilmar og Mai sögðu að þau myndu slíta vináttu við stúlkurnar ef þau væru í sporum Rebekku í klípusögu eitt. Þau voru öll sammála um að þessi mistök væru ófyrirgefanleg. Mai lýsti að hún myndi segja: „Nei þú ert búin að vera leiðinleg við mig og ekki fyrirgefa“, en Elísa nefndi að hún myndi „aldrei tala við þær aftur“.

Fyrirgefning. Börnin voru spurð um viðhorf til fyrirgefningar og hversu auðvelt þau ættu bæði með að biðjast fyrirgefningar eða fyrirgefa vinum sínum. Þórunn taldi líklegt að Rebekka myndi fyrirgefa vinkonum sínum í fyrstu klípusögunni ef þær væru mjög góðar vinkonur. Snædís og Emillía sögðu að þeim þætti auðvelt að biðja vini afsökunar í kjölfar mistaka því að þær væru búnar að þekkja vini lengi og á milli þeirra ríkti traust. Það traust yki trú á að mistökin endurtækju sig ekki. Auðveldara væri að biðja vini afsökunar en þá sem þær þekktu minna. Meira umburðarlyndi og samkennd ríkti gagnvart vinum, eins og Snædís lýsti:

Já með vini. En öðru fólki sem ég þekki ekki þá er það svoldið erfitt. Veit ekki hvað ég á að segja. ... Út af því við vini þá erum við enn þá vinkonur og ég ... [flissar] gæti sagt fyrirgefðu léttara. Við erum vinkonur og búnar að þekkja þær svo lengi.

Hversu auðvelt er að biðjast afsökunar og fyrirgefa öðrum var að mati barnanna háð nokkrum skilyrðum. Ef mistökin væru óviljaverk væri auðvelt að fyrirgefa en erfiðara ef mistökin væru viljandi. Sum barnanna sögðu þó að það gæti verið flókið að biðjast afsökunar þegar hinn aðilinn væri í uppnámi og beitti hunsun, líkt og Jónas lýsti:

Kannski ef maður ... var kannski bara að leika við þá eða eitthvað ... kannski bara í fótbolta eða eitthvað ... meiddi maður bara óvart, en ég var búinn að segja fyrirgefðu. En honum líður bara mjög illa og þú veist byrja að labba í burtu ... þá veit ég ekkert hvað ég á að gera. Þú veist hugsa ég svona hvað á ég að gera? Á ég að labba til hans eða halda áfram, eða hvað á ég að gera. Af því að stundum hef ég labbað til þeirra og séð en þá bara svona hunsa þeir.. Þess vegna er þetta svona dálítið erfitt af því maður veit aldrei hvort þeir vilja fá þetta eða ekki. Af því stundum tala þau ekki við mann.

Örfá börn sögðu að þau myndu alls ekki fyrirgefa ef þau væru í sporum Rebekku í fyrstu klípusögunni. Hilmar var einn þeirra og sagði að í hennar sporum myndi hann segja: „Ef þú myndir vilja vera alvöru vinkona mín, þá myndirðu ekki ljúga að mér.“ Önnur börn sögðu að þau myndu fyrirgefa mistök ef vinir myndu lofa þeim að mistökin yrðu ekki endurtekin og koma betur fram í framtíðinni.

Einhver barnanna töluðu um hversu oft vinir mættu gera mistök eða skilja útundan áður en vinslit yrðu. Fyrirgefningu ættu þau erfitt með ef mistök vina væru ítrekuð. Snædís sagði: „Ég myndi alltaf fyrirgefa. ... En ef það gerist, mjög, mjög, mjög oft þá, þá gæti ég það ekki“ og Jakub og Bergur nefndu að það væru takmörk fyrir hversu oft vinir mættu gera mistök áður en að þeir nenntu „ekki að vera vinur“. Það mætti gerast „svona þrisvar sinnum“ eða „max fimm sinnum hjá mér“ áður en þeir myndu slíta vináttunni og finna sér nýja vini. Snædís sagði ólíklegt að vinir gerðu ítrekuð mistök ef þeim þætti vænt um vini sína. Þessi mörk sem börnin setja á hversu oft vinur má gera sömu mistök áður en til vinslita kemur sýna ef til vill fyrst og fremst skilning þeirra á hvenær hegðun vinar er orðin óásættanleg og skaðleg.

Tími og tíðni atburða höfðu áhrif á fleira í huga barnanna en fyrirgefninguna. Aðspurð hversu líklegt væri að einhver sem er oft skilinn útundan héldi áfram að spyrja eftir vinum töldu þau flest það nokkuð ólíklegt.

Stuðningur og ráð foreldra, systkina, vina og fagaðila

Í viðtölunum kom fram að mörgum barnanna þætti stuðningur og ráðgjöf mikilvæg þegar leysa þurfti ágreining og árekstra. Sum barnanna, líkt og Silja og Jónas, sögðust geta leitað stuðnings eða aðstoðar hjá foreldri. Silja sagði, þegar hún hugleiddi stöðu Rebekku, að ef hún myndi ekki þora að tala við vinkonur sínar þá fengi hún mömmu sína til að ræða við þær, á meðan Jónas myndi sækja tilfinningalegan stuðning til mömmu sinnar:

Segja mömmu að koma aðeins inn í bíl eða eitthvað og tala aðeins við hana til að láta mér líða betur og svo bara veit ekki hvað ég myndi gera eftir á, bara gera eitthvað sem mér líður vel.

Raunar virtist Jónas eiga sérlega auðvelt með að leita til mömmu sinnar og sagði: „Hún hjálpar mér eiginlega við allt ef mér líður illa eða eitthvað sko. Hún er, hún gefur mér mörg góð ráð.“ Ráðleggingarnar sem börnin fengu frá foreldrum sínum voru margvíslegar, líkt og Snædís nefndi: „Vertu þú sjálf og reyndu að vera stærri manneskjan í þessu máli ...“ og Þórunn fékk ráðið: „Kannski bara fara og tala við þau og leysa málið. Leysa vandann með að tala við þau og eitthvað.“ Ráðleggingar sumra foreldra voru þó ekki endilega að ræða vandann og leysa hann heldur á þann veg að nota hunsun og leyfa tímanum að líða. Silja sagðist fá þessar ráðleggingar ef hún væri skilin útundan:

Mamma segir alltaf að ef einhver er leiðinlegur við mig þá á ég að hunsa það. Af því að ég spyr kannski viltu leika þá segir hún ég er upptekin og ég spyr aðra. Svo fer ég út og þá sé ég þær, kannski vinkonuna sem ég spurði, og þá sé ég þær kannski saman. Og þá hringi ég í mömmu og segi ég spurði hana um að leika og hún er með öðrum úti. Og ef að þær koma þá segir mamma mér alltaf bara að hunsa þær og fara með vinkonu minni annars staðar ef að ég vil ekki vera með þeim eða eitthvað svoliðis.

Einstaka börn sögðu að þau myndu aldrei ræða við foreldra sína ef þau lentu í árekstrum við vini af ótta við að foreldrar myndu blanda sér í ágreininginn með þeim afleiðingum að þau gætu misst vini sína. Jakub sagðist óttast að úr yrði klögumál ef foreldrar hans myndu hafa samband við foreldra vinar og þá gæti hann misst þennan vin. Hann sagði:

Bara vera leiður og segja mamma og pabbi er eitthvað allt í lagi, þá bara segi ég já það er allt í lagi, en það er það ekki. ... Því þá myndu pabbi og mamma bara hringja í þau og svo í skólanum myndu þau vera reið og svo mun bara allt skemmast og svo á meðan myndi segja hinum verið til að hætta að vera vinur.

Í einhverjum tilvikum töluðu börnin um að leita til eldri systkina sem hefðu svipaða reynslu. Hjá þeim gætu þau fengið góð ráð. Birna sagði að hún fengi ráð frá bróður sínum um ágreining við vini: „Hann sagði hérna: Þetta fólk er ekki gott fyrir þig og heilsuna þína þannig að ég myndi mæla með að fá nýja vini sem þú veist að séu traustir.“ Aðrir töluðu um að systkini væru ekkert endilega að gefa ráð heldur væri gott að tala við þau um erfiðleika og árekstra við vini. Mörg barnanna sögðu að gott væri að leita til vina til að fá tilfinningalegan stuðning og ráð ef þau lentu í ágreiningi við aðra vini eða jafningja. Örfá þeirra sögðust þó ekki leita til neins til að ræða líðan eða fá ráð.

Í tengslum við klípusögu númer tvö, um Sverri fótboltastrák, voru börnin spurð hvort þau teldu að það væri hægt að þjálfa vináttufærni. Svörðu þau öll játandi þrátt fyrir að fæst þeirra hefðu leitt hugann að því áður. Einhver barnanna töldu að hægt væri að leita aðstoðar hjá fagaðilum líkt og sálfræðingum, námsráðgjöfum eða öðrum sem starfa innan skóla til að fá aðstoð við samskiptavanda eða til að breyta hegðun. Kristján og Þórunn lýstu því að hafa séð breytingar á jafnöldrum sínum og vinum: „Eins og Lilja var svo stjórnsöm í fyrsta bekk og núna er hún ekki“, „Hún fór til námsráðgjafa og núna er hún eiginlega bara hætt að vera stjórnsöm“, „Já náði að breytast.“ Enn önnur höfðu fengið aðstoð við úrlausn eigin vandamála í samskiptum. Kristín sagði námsráðgjafa skólans hafa hjálpað sér að komast til skólasálfræðingsins og Hilmar fékk aðstoð frá starfsmanni hjá sveitarfélaginu sem hann hitti vikulega og sagðist geta treyst og rætt allt við: „Það er einn gæi sem hjálpar mér að líða betur í skólanum.“ Að breyta hegðun og þjálfa vináttufærni tæki þó tíma og einstaklingurinn þyrfti sjálfur að ákveða að breyta hegðun sinni, líkt og Kristín lagði áherslu á:

Maður getur ekki allt í einu eins og abrakadabra, púff, þú ert búinn að breytast. En hins vegar getur manneskjan sjálf breytt sér. ... Því hún ræður sínum vilja. ... með því að ákveða það.

Flest könnuðust börnin við orðatiltækið „æfingin skapar meistarann“ en höfðu aldrei tengt það við vináttufærni. Þó töldu þau að hana væri hægt að þjálfa, hegðun væri hægt að breyta með því að ákveða það sjálf eða með því að leita sér aðstoðar hjá foreldrum eða fagaðilum.

Umræða

Markmið þessarar rannsóknar var að varpa ljósi á sýn og reynslu 10–12 ára barna af vináttu og ágreiningi milli vina og því hvernig þau skilja, hugsa og bregðast við árekstrum og ágreiningi. Sjónum var sérstaklega beint að hvort gróska eða festa einkenni hugarfar barnanna í slíkum aðstæðum. Skýr sýn barna á vináttu kom fram og einnig hvernig þau hugsa um og bera sig að við að leysa ágreining og árekstra. Fjallað er um niðurstöður í samhengi fyrri rannsókna og kenninga í fjórum undirköflum. Í þeim fyrsta eru bjargráð barna við lausn ágreinings til skoðunar og litið til fyrri rannsókna og kenninga um þroska barna. Í kafla tvö er sjónum beint að birtingarmyndum grósku- og festuhugarfars og í þeim þriðja til hlutverks stuðnings og ráðgjafar foreldra og annarra í umhverfi barna. Að lokum eru styrkleikar, takmarkanir og framlag rannsóknarinnar rætt.

Sýn barna á vináttu og lausn ágreinings

Börnin sem tóku þátt í rannsókninni áttu mismarga vini og höfðu öll hugmyndir um hvað einkenndi góða vináttu. Vinátta kæmi í veg fyrir einmanaleika og vanlíðan en að sönnum vinum þyrfti að vera hægt að treysta, enda betra að eiga nokkra trausta vini en marga sem reyndust svo ekki vel. Sama sýn kemur fram í erlendum rannsóknum á börnum sem segja vinasambönd sín styðjandi, þau dragi úr einmanaleika og að góð gæði í vináttu leiði til meiri hamingju og lífsánægju (Raboteg-Saric og Sakic, 2014; Waldinger og Schulz, 2023). Mikilvægt er að stuðla að því að öll börn geti notið styðjandi vináttutengsla.

Börnin töldu almennt eðlilegt að vera ekki alltaf sammála vinum og ósætti væri hluti af samskiptum. Óhjákvæmilegt er að innan vinasambanda komi upp einhvers konar áskoranir eða hindranir þar sem vinir hafa oft ólík sjónarmið sem þeim tekst ekki að samræma. Hunsun eða fjarlægð frá aðstæðum var algengt bjargráð við árekstra á milli vina og við höfnun frá vinum, sem er í samræmi við fyrri rannsóknir sem bent hafa til þess að börn forðast ágreining, leitast við að fá fjarlægð á aðstæður og líta ekki á stöku ósætti sem ástæðu til að slíta vináttu (Hartup, 1992; Laursen o.fl., 2001). Hunsun í ágreiningi getur einnig verið dæmi um ákveðna hvatvísi sem einkennir frekar yngri börn en eldri og bent til þess að þau hafi ekki næga færni eða ekki fengið næga þjálfun í að setja sig í spor annarra og finna sameiginlega lausn, sem er grundvöllur samskiptafærni (Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2007). Færni til að leysa hvers kyns ágreiningsmál eykst með aldri og þroska og má í því efni nefna að framheilinn, sem stýrir m.a. tilfinningum, hegðun og rök hugsun, þroskast að fullu um 25–30 ára aldur (Arain o.fl., 2013). Hæfnina að setja sig í spor annarra er hægt að þjálf með markvissum hætti líkt og skólaþróunarverkefni Sigrúnar Aðalbjarnardóttur með 8 og 11 ára nemendum og rannsóknir hennar (2007, 2019) benda til. Nemendur sem fengu að vinna sérstaklega með viðfangsefni sem sneru að samskiptum í skólanum sýndu meiri þroskaframfarir í samskiptafærni og hæfninni að setja sig í spor annarra.

Hefnigirni og refsingar komu sérstaklega fram hjá börnum sem höfðu flestar frásagnir af tíðum árekstrum við jafnaldra. Vinasambönd þeirra voru að líkindum ekki jafn styðjandi og nánin og hjá öðrum. Rannsóknir sýna að því nánara sem vinasambandið er því ólíkleggra er að vinir sýni reiði í kjölfar árekstra (Murphy og Eisenberg, 2002). Einnig kom fram að ef mistök væru ítrekuð eða viljandi væri erfiðara eða jafnvel ómögulegt að fyrirgefa og niðurstaðan vinslit. Ein möguleg skýring á þessu er áherslan á þessu aldurskeiði á að dæma siðferði athafna með því að bera þær saman við viðhorf og væntingar samfélagsins (Kohlberg, 1963/2008). Það sé ekki samþykkt að vinir sýni slæma framkomu viljandi eða ítrekað, en það má einnig kalla heilbrigð mörk í samskiptum.

Börnin áttu auðveldara með að fyrirgefa vinum ef vináttan einkenndist af gæðum, væntumþykju og trausti og einnig frekar þegar vinir áttu í hlut en þegar um lauslegan kunningsskap var að ræða. Niðurstöður van der Wal og félaga (2017) sýndu einmitt að það hversu mikið virði börn leggja í vinasamband ákvarði hversu líkleg þau séu að fyrirgefa vini sínum mistök. Þau börn sem sýndu góða félagsfærni gátu hugsað lengra inn í ágreininginn, séð fyrir sér hvernig vinir gætu leyst hann, sett sig í spor vina sinna og sýnt samkennd í svörum sínum (Selman, 1980; Weissberg o.fl., 2016).

Birtingarmyndir grósku- og festuhugarfars

Niðurstöður þessarar rannsóknar gefa til kynna að finna megi bæði birtingarmyndir grósku- og festuhugarfars í samskiptum barnanna. Birtingarmyndir gróskuhugarfars var að finna í viðhorfi barnanna að eðlilegt væri að ósætti kæmi upp á milli vina og slíkt væri hægt að leysa, trú á að einstaklingar gætu breyst og þroskast, notkun uppbyggilegra leiða í kjölfar ágreinings og í stuðningi frá foreldrum. Mörg barnanna vildu leysa vandamál með samtali og fyrirgefningu og völdu sér uppbyggilegar leiðir til að takast á við ágreining sem einkenndust af þrautseigju og félagslega jákvæðri hegðun (Dweck, 2016; Yeager og Miu, 2011; Yeager o.fl., 2011). Þrátt fyrir að svör flestra barnanna væru á þá leið að auðvelt væri að fyrirgefa vinum, þótti sumum það erfiðara og má túlka það sem svo að samskiptafærni þeirra sé mislangt á veg komin.

Birtingarmyndir festuhugarfars mátti finna í skýringum á höfnun og þeim ástæðum sem börnin ímynduðu sér að lægju að baki henni, að beita hunsun og forðast að takast á við vandamálin í kjölfar ágreinings, beita hefnigirni og refsingum eða slíta vináttu. Óvæntar niðurstöður rannsóknarinnar voru hve algeng hunsun var sem viðbragð við árekstrum. Þó að sum ágreiningsmál milli vina geti verið smávægileg og krefjast þess kannski ekki að vera rædd eða leyst er hægt að túlka hunsun í samskiptum sem birtingarmynd festuhugarfars þar sem í henni felst skortur á vilja til að leysa ágreining. Ýmsar rannsóknir hafa sýnt að þeir sem hafa festuhugarfar túlka fyrirhöfn sem veikleika, og geta jafnvel litið svo á að vináttan sé gölluð og ekki þess virði að vinna í ef upp koma erfiðleikar (Dweck, 2016; Yeager og Miu, 2011; Yeager o.fl., 2011). Þeir geta þá gripið til hefnigirni, refsinga eða jafnvel slitid vináttunni við árekstra, þar sem fyrirhöfn gæti bent til þess að vináttunni væri ekki ætlað að endast.

Höfundum þótti sláandi að öll börnin túlkuðu höfnun með neikvæðum skýringarháttum, að höfnunin væri vegna persónulegs vanhæfis sem er einkennandi fyrir festuhugarfar. Fyrri rannsóknir hafa sýnt að börn sem höfðu festuhugarfar litu gjarnan á félagslega höfnun sem staðfestingu á að þau væru ekki fær um að eignast vini og fullyrtu jafnvel að þau væru ekki viðkunnaðleg (Erdley o.fl., 1997). Nokkur börn í þessari rannsókn gáfu dæmi um ljótt innra sjálfstal í kjölfar þess að vera skilin útundan. Þó ómögulegt sé að koma í veg fyrir að börn verði fyrir höfnun eru hér vísbendingar um að byggja þurfi upp sjálfstraust og sjálfsvinsemd til að hjálpa þeim að takast á við höfnun, án þess að beita hunsun eða neikvæðu sjálfstali. Brýnt er að foreldrar og aðrir uppalendur séu meðvitaðir um að höfnun geti leitt til skertrar sjálfsmyndar, minnkandi trú á eigin vináttufærni og í verstu tilfellum lærðs hjálparleysis (Dweck, 1981). Mikilvægt er að fylgjast með, grípa inn í, veita stuðning og ráðleggingar, sem nánar verður fjallað um í næsta kafla.

Mikilvægi stuðnings og ráðgjafar

Athyglisverð mynd teiknaðist upp um þýðingu stuðnings og ráða frá foreldrum, vinum, systkinum og fagaðilum. Ráðgjöf og sérstaklega stuðningur systkina og vina skipti mörg börnin máli því sá stuðningur var veittur á jafningjagrundvelli og með vísan í nýlega reynslu sem var þeim dýrmæt. Ráðgjöf foreldra var misjöfn, sumir ráðlögðu börnum sínum að leysa úr ágreiningi með því að ræða málín, vera þau sjálf og „vera stærri manneskja í þessu máli“ sem eru uppbyggilegar leiðir og stuðla að virðingu í samskiptum. Börn sem fengu stuðning og uppbyggileg ráð frá foreldrum sínum og ræddu vandann við þá virtust félagsfærari, sterkari í samningaumleitan og höfðu meira gróskuhugarfar gagnvart vináttu en önnur. Þessi stuðningur getur hafa mótað hugarfar þeirra líkt og áður kom fram í rannsóknum Haimovitz og Dweck (2016) og þar með val viðbragða í samskiptum við vini. Leiða má líkur að því að þau börn sem ræða árekstra við foreldra sem líta á mistök sem lærdómstækifæri, fái þar ráðleggingar og tækifæri til að samræma mismunandi sjónarhorn og aðstoð við að setja sig í spor vina sinna. Jónas var meðal þeirra barna sem sóttu uppbyggileg ráð og stuðning til foreldris, til dæmis þegar honum leið illa eða átti í erfiðleikum í félagasamskiptum. Einkennandi fyrir svör hans í viðtalinu var mikil samkennd, virðing og vilji til að bæta sig í samskiptum við vini.

Sum börnin fengu ráð um að nota hunsun í samskiptum við vini frá foreldrum og öðrum vinum, ráð sem stuðla að festuhugarfari. Þetta bendir til að auka megi vitund í samfélaginu um mikilvægi uppbyggilegrar ráðgjafar og stuðnings við að leysa ágreining. Gagnlegt er fyrir foreldra, uppalendur, kennara og aðra sem koma að uppeldi barna að þekkja hvernig hægt er að aðstoða þau við að velja sér uppbyggileg viðbrögð við ágreiningi og styðja þannig við farsæla félagsfærni. Ein leið í því er að kynna hugarfarskenningar Carol Dweck fyrir börnum og leggja áherslu á að félags- og vináttufærni sé hægt að móta og þjálf. Stuðningur og ráðgjöf foreldra og annarra eru ekki síst dýrmæt þegar árekstrar og ágreiningur barna kemur upp. Rannsókn Cheung o.fl. (2016) sýndi að ungmenni með gróskuhugarfar nýta sér frekar ráðgjöf foreldra en þau sem hafa festuhugarfar.

Viðbrögð Hilmaris og Mai við árekstrum við vini gáfu til kynna að þau hefðu ekki alltaf verkfærin sem þarf til að leysa árekstra á farsælan hátt. Þjálfun í að setja sig í spor vina gæti gagnast börnum í þessari stöðu vel. Einnig hefur verið sýnt fram á gagnsemi inngrípa hjá unglingum sem miða að því að kenna að persónulegir eiginleikar séu breytanlegir í að minnka árásarhneigð og ýta undir meiri félagsvæna hegðun, hjálpa þeim að takast á við kvíðavaldandi aðstæður og draga úr depurðareinkennum (Miu og Yeager, 2015; Yeager o.fl., 2013). Börnin áttuðu flest sig á gagnsemi þess að fá aðstoð fagaðila til að vinna með tiltekin atriði eða færni og má segja að þau hafi óbeint kallað eftir betri leiðsögn um þessi efni.

Styrkleikar, takmarkanir og framlag rannsókna

Helstu styrkleikar rannsóknarinnar er sú nýlunda að skoða hugarfar barna í samhengi við vináttu og nýta til þess kosti rýnihópaviðtala. Ekki er vitað til þess að þetta hafi áður verið gert hérlandis. Þátttakendur voru allir nemendur í sama grunnskóla á höfuðborgarsvæðinu og voru valdir í rýnihóp með vinum. Því nær rannsóknin ekki til upplifunar barna sem eru vinalaus og telst það til takmörkunar í rannsókninni. Svör barnanna við klípusögum geta einnig verið ólík viðbrögðum þeirra í raunveruleikanum. Rannsóknir hafa bent til þess að með því að nota ímyndaðar klípusögur hafi þátttakendur tilhneigingu til að ofmeta notkun sína á málamiðlun og vanmeta notkun sína á þvingunum eða öðrum óæskilegri leiðum til að leysa vanda (Laursen o.fl., 2001). Hér er sýn barna dregin fram en ekki er hægt að segja með vissu hvernig þau myndu bregðast við í raunverulegum aðstæðum.

Sérstaða rannsóknar felst í að varpa ljósi á hvernig börn færa rök fyrir ákvörðunum sínum um að fyrirgefa og leysa ágreining eða hunsa og fjarlægja sig, hvernig það endurspeglast í átökum þeirra við félag og hvernig stuðningur foreldra, systkina, fagaðila og vina hjálpar þeim að leysa úr vanda. Sú þekking sem skapast er þýðingarmikil og getur haft hagnýtt gildi fyrir foreldra eða aðra aðila sem koma að uppeldi barna og stuðningi við félagsfærni þeirra. Rannsóknin leggur grunn að frekari rannsóknum og þróun á inngrípum til að aðstoða börn í að efla gróskuhugarfar sitt í vináttu.

Ignore, avoid, forgive: Children's views on peer conflict, and growth and fixed mindsets in friendships

It is known that supportive friendships have positive effects on children's development, well-being, and happiness (Goswami, 2012; Raboteg-Saric & Sakic, 2014), but inevitably, children will at some point encounter obstacles in forming friendships and conflicts related to friendship. Examples include when friends disagree, betray each other's trust, children are rejected by friends, or they are left out. Children generally avoid disagreements with friends but try, to the best of their ability and development, to resolve conflicts so that both parties are satisfied. Friendships rarely dissolve due to isolated disagreements (Hartup, 1992), but if the disagreement is repeated and persistent, it affects how children perceive the quality of the relationship. In order to support successful friendships and enhance children's perspective-taking ability and conflict resolution, it is useful to examine how children navigate social situations and obstacles in social interactions. Responses to such circumstances depend on their experiences, environment, and mindset (Dweck, 2016), and attention here is directed towards the role of mindset in these situations. A growth mindset involves the belief that the brain is malleable and that new skills can be acquired through repeated practice (Dweck, 2016). A growth mindset can increase resilience, self-efficacy, and children's ability to form friendships (Woods et al., 2020). A fixed mindset involves the belief that abilities are innate and immutable, and that mistakes are considered a condemnation. Individuals with a fixed mindset are therefore more likely to give up sooner and avoid trying again (Dweck, 2016). Research has shown that adolescents who view personal traits as malleable are more likely to demonstrate perseverance and socially-positive behaviour when faced with challenges in friendships (Yeager & Miu, 2011; Yeager et al., 2011). The aim of this study, which is a qualitative interview study based on focus group interviews, is to shed light on the experiences and mindsets of 10–12-year-old children regarding conflicts and disagreements in friendships. The focus is on how they understand, think about, and respond to conflicts and disagreements. The study asks how a growth or fixed mindset can create pathways to either confront obstacles and conflicts in a constructive manner or exacerbate further conflicts and obstacles. The study deployed a focus-group research design relying on purposeful sampling. We conducted nine focus group interviews with a total of 22 children, each group containing two or three children. Participants were selected with the aim of obtaining as diverse a group of children as possible, both in terms of friendships, status in peer groups, and background. The children in each focus group had existing friendships with each other. An interview guide was used, containing questions about friendship and conflict resolution, and ethical dilemmas about conflicts (dilemma vignettes) were used to initiate conversations. The interviews were thematically analysed, and three themes are discussed in the article. The first theme is about the benefits and challenges of friendship, the second theme is about responses to mistakes and conflicts, and the third is about support and advice from parents, siblings, friends, and professionals. The results showed that all the children viewed friendship as important for reducing loneliness and enjoying the support of friends, but they had all also had some experience with challenges and conflicts between friends. Ignoring or distancing oneself from situations was a common coping mechanism for conflicts between friends and when facing rejection from friends, which is normal at this age. Children avoid disagreements, seek distance from situations, and do not view occasional disagreements as a reason to end a friendship (Hartup, 1992). Revenge and punishment were particularly evident among children who reported frequent conflicts with peers. Their friendships were likely not as supportive and close as those of others, and research shows that the closer the friendship, the less likely friends are to show anger following conflicts (Murphy & Eisenberg, 2002). The majority of the children who participated seemed to have a dominant growth mindset toward friendships. Children who valued

their friendship were more likely to demonstrate a growth mindset, as evidenced by their willingness to forgive mistakes and apologise after conflicts. Children exhibiting a fixed mindset tended to resort to revenge and punishment after conflicts, and were more likely to end friendships after repeated disagreement. Children who received support and constructive advice from their parents and discussed problems with them appeared to be more socially skilled, better at negotiation, and had a stronger growth mindset towards friendships than others. It can be inferred that children who discuss conflicts with parents who view mistakes as learning opportunities receive advice and opportunities to reconcile different perspectives and assistance in empathising with their friends. It is hoped that the results will increase understanding of the role of mindset in children's friendships and social connections. Parents, and school and leisure professionals, can benefit from this understanding when they support young people in forming and maintaining friendship

Key words: friendship, social skills, growth mindset, fixed mindset, conflicts in friendships, well-being

Um höfunda

Marit Davíðsdóttir (marit@hi.is) er aðjúkt í uppeldis- og menntunarfræði við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Marit lauk BA-gráðu í frönskum fræðum árið 2015, MA-gráðu í uppeldis- og menntunarfræði frá sama skóla árið 2024 og diplómagráðu á meistarastigi í jákvæðri sálfræði frá Endurmenntun HÍ árið 2020. Hún er annar höfundur Gleðiskruddan – dagbók sem eflir sjálfsþekkingu og eykur vellíðan og rekur fyrirtækið Gleðiskruddan ehf., ásamt Yrju Kristinsdóttur, sem býður upp á ýmsa fræðslu um jákvæða sálfræði fyrir börn og ungmenni. Greinin er unnin úr meistaraverkefni Maritar.

Eyrún María Rúnarsdóttir (emr@hi.is) er dósent í uppeldis- og menntunarfræði við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Rannsóknir hennar hafa beinst að börnum og unglingum með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn, líðan þeirra, vinatengslum og félagslegum stuðningi frá vinum og foreldrum. Eyrún lauk BA-gráðu í uppeldis- og menntunarfræði árið 1996 og meistaragráðu í sömu grein árið 2002 frá Háskóla Íslands. Þá lauk hún doktorsgráðu frá Menntavísindasviði Háskóla Íslands árið 2019.

About the authors

Marit Davíðsdóttir (marit@hi.is) is an adjunct professor of education studies at the School of Education, University of Iceland. Marit completed a BA in French studies in 2015, an MA in education studies at the same university in 2024, and an MA in positive psychology at the University of Iceland's Continuing Education in 2020. She is the co-author of Gleðiskruddan – a diary of self-knowledge and increased well-being, and, with Yrja Kristinsdóttir, runs the company Gleðiskruddan ehf., which offers various educational programmes.

Eyrún María Rúnarsdóttir (emr@hi.is) is an associate professor of education studies at the School of Education, University of Iceland. Her research focuses on children and adolescents of diverse linguistic and cultural backgrounds, their social relationships and well-being, their sociodemographic background and social support. Eyrún completed a bachelor's degree in education studies in 1996 and a master's in the same subject in 2002 at the University of Iceland. She completed her PhD at the School of Education in 2019. The article is based on Marit's masters thesis.

Heimildir

- Adler, K., Salanterä, S. og Zumstein-Shaha, M. (2019). Focus group interviews in child, youth, and parent research: An integrative literature review. *International Journal of Qualitative Methods*, 18. <https://doi.org/10.1177/1609406919887274>
- Arain, M., Haque, M., Johal, L., Mathur, P., Nel, W., Rais, A., Sandhu, R. og Sharma, S. (2013). Maturation of the adolescent brain. *Neuropsychiatric Disease and Treatment*, 9, 449–461. <https://doi.org/10.2147/NDT.S39776>
- Bagwell, C. L. og Schmidt, M. E. (2011). *Friendships in childhood & adolescence*. The Guilford Press.
- Berndt, T. J. (2004). Children's friendships: Shifts over a half-century in perspectives on their development and their effects. *Merill-Palmer Quarterly*, 50(3), 206–223. <https://doi.org/10.1353/mpq.2004.0014>
- Blackwell, L. S., Trzesniewski, K. H. og Dweck, C. S. (2007). Implicit theories of intelligence predict achievement across an adolescent transition: A longitudinal study and intervention. *Child Development*, 78(1), 246–263. <https://doi.org/10.1111/j.1467-8624.2007.00995.x>
- Braun, V. og Clarke, V. (2006). Using thematic analysis in psychology. *Qualitative Research in Psychology*, 3(2), 77–101. <https://doi.org/10.1191/1478088706qp063oa>
- Brummelman, E., Thomaes, S., Overbeek, G., Orobio de Castro, B., van den Hout, M. A. og Bushman, B. J. (2014). On feeding those hungry for praise: Person praise backfires in children with low self-esteem. *Journal of Experimental Psychology: General*, 143(1), 9–14. <https://doi.org/10.1037/a0031917>
- Cheung, C. S., Wang, C., Monroy, J. A. og Couch, L. (2016). Adolescents' implicit theories of peer relationships and their school adjustment. *AERA Open*, 2(4). <https://doi.org/10.1177/2332858416675328>
- Claro, S. og Loeb, S. (2024). Students with growth mindset learn more in school: Evidence from California's CORE school districts. *Educational Researcher*, 53(7), 389–402. <https://doi.org/10.3102/0013189X241242393>
- Claro, S., Paunesku, D. og Dweck, C. S. (2016). Growth mindset tempers the effects of poverty on academic achievement. *Proceedings of the National Academy of Sciences of the United States of America*, 113(31), 8664–8668. <https://doi.org/10.1073/pnas.1608207113>
- Dweck, C. S. (1981). Social-cognitive processes in children's friendships. Í S. R. Asher og J. M. Gottman (ritstjórar), *The development of children's friendships* (bls. 322–333). Cambridge University Press.
- Dweck, C. S. (1999). *Self-theories: Their role in motivation, personality, and development*. Psychology Press.
- Dweck, C. S. (2016). *Mindset: the new psychology of success* (uppfærð útgáfa). Ballantine Books.
- Dweck, C. S. (2017). The journey to children's mindset – and beyond. *Child Development Perspectives*, 11(2), 139–144. <https://doi.org/10.1111/cdep.12225>
- Erdley, C., Cain, K., Loomis, C., Dumas-Hines, F. og Dweck, C. S. (1997). The relations among children's social goals, implicit personality theories and response to social failures. *Developmental Psychology*, 33(2), 263–272. <https://doi.org/10.1037/0012-1649.33.2.263>
- Forsberg, C. (2023). The need to belong: Girl's trajectory perspectives on friendship forming in the school setting. *Children & Society*, 37(4), 1218–1232. <https://doi.org/10.1111/chso.12725>
- Goswami, H. (2012). Social relationships and children's subjective well-being. *Social Indicators Research*, 107, 575–588. <https://doi.org/10.1007/s11205-011-9864-z>
- Gray, D., Royall, B. og Malson, H. (2017). Hypothetically speaking: Using vignettes as a stand-alone qualitative method. Í V. Braun, V. Clarke og D. Gray (ritstjórar), *Collecting qualitative data: A practical guide to textual, media and virtual techniques* (bls. 71–91). Cambridge University Press.
- Guðrún Kristinsdóttir. (2017). *Þáttaka barna í vísindarannsóknunum: Almenn leiðsögn*. Vísindasiðanefnd Háskóla Íslands. https://hi.is/sites/default/files/sverrirr/thattaka_barna_i_rannsoknum_gudrun_kristinsd.docx.pdf
- Guðrún Kristinsdóttir og Hervör Alma Árnadóttir. (2015). Hliðvörður – hvert er hlutverk þitt? Þáttaka barna í rannsóknunum. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*. <http://netla.hi.is/greinar/2015/ryn/002.pdf>
- Haimovitz, K. og Dweck, C. S. (2016). What predicts children's fixed and growth intelligence mindsets? Not their parents' views of intelligence but their parents' views of failure. *Psychological Science*, 27(6), 859–869. <https://doi.org/10.1177/0956797616639727>

- Hartl, A. C., Laursen, B. og Cillessen, A. H. N. (2015). A survival analysis of adolescent friendships: The downside of dissimilarity. *Psychological Science*, 26(8), 1304–1315. <https://doi.org/10.1177/0956797615588751>
- Hartup, W. W. (1992). Conflict and friendship relations. Í C. U. Shantz og W. W. Hartup (ritstjórar), *Conflict in child and adolescent development* (bls. 186–215). Cambridge University Press.
- Hartup, W. W. og Stevens, N. (1997). Friendships and adaptation in the life course. *Psychological Bulletin*, 121(3), 355–370. <https://doi.org/10.1037/0033-2909.121.3.355>
- Hiatt, C., Laursen, B., Mooney, K. S. og Rubin, K. H. (2015). Forms of friendship: A person-centred assessment of the quality, stability, and outcomes of different types of adolescent friends. *Personality and Individual Differences*, 77, 149–155. <https://doi.org/10.1016/j.paid.2014.12.051>
- Kay, L. (2019). Guardians of research: Negotiating the strata of gatekeepers in research with vulnerable participants. *PRACTICE*, 1(1), 37–52. <https://doi.org/10.1080/25783858.2019.1589988>
- Kochel, K. P., Bagwell, C. L., Ladd, G. W. og Rudolph, K. D. (2017). Do positive peer relations mitigate transactions between depressive symptoms and peer victimization in adolescence? *Journal of Applied Developmental Psychology*, 51, 44–54. <https://doi.org/10.1016/j.appdev.2017.04.003>
- Kohlberg, L. (2008). The development of children's orientations toward a moral order: I. Sequence in the development of moral thought. *Human Development*, 51(1), 8–20 (Upprunalega prentað 1963 í Vita Humana, (6), 11–33). <https://doi.org/10.1159/000112530>
- Kristján Kr Kristján Kristjánsson. (2008). „Vaxtarsjálfr“ eða „festusjálfr“ skiptir það máli fyrir árangur og líðan nemenda?. *Skólaværðan*, 8(3), 5–7. https://timarit.is/page/6663495?iabr=on&fbclid=IwAR3szxzdURsYfn sj7- b1QaXF_fi7k-P2FHZQ4KOTQ1ajDBu3XWWOCoqlUs#page/n3/mode/2up
- Laursen, B., Finkelstein, B. D. og Betts, N. T. (2001). A developmental meta-analysis of peer conflict resolution. *Developmental Review*, 21(4), 423–449. <https://doi.org/10.1006/drev.2000.0531>
- Leather, N. (2009). Risk-taking behaviour in adolescence: A literature review. *Journal of Child Health Care*, 13(3), 295–304. <https://doi.org/10.1177/1367493509337443>
- Lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018
- Malcolm, K. T., Jensen-Campbell, L. A., Rex-Lear, M. og Waldrip, A. M. (2006). Divided we fall: Children's friendships and peer victimization. *Journal of Social and Personal Relationships*, 23(5), 721–740. <https://doi.org/10.1177/02654075060682>
- Maunder, R. og Monks, C. P. (2019). Friendship in middle childhood: Links to peer and school identification and general self-worth. *British Journal of Developmental Psychology*, 37(2), 211–229. <https://doi.org/10.1111/bjdp.12268>
- McGarry, O. (2015). Repositioning the research encounter: Exploring power dynamics and positionality in youth research. *International Journal of Social Research Methodology*, 19(3), 339–354. <https://doi.org/10.1080/13645579.2015.1011821>
- Miu, A. S. og Yeager, D. S. (2015). Preventing symptoms of depression by teaching adolescents that people can change. Effects of a brief incremental theory of personality intervention at 9-month follow-up. *Clinical Psychological Science*, 3(5), 726–743. <https://doi.org/10.1177/2167702614548317>
- Mueller, C. M. og Dweck, C. S. (1998). Praise for intelligence can undermine children's motivation and performance. *Journal of Personality and Social Psychology*, 75(1), 33–52. <https://doi.org/10.1037/0022-3514.75.1.33>
- Murphy, B. C. og Eisenberg, N. (2002). An integrative examination of peer conflict: Children's reported goals, emotions, and behaviors. *Social Development*, 11(4), 534–557. <https://doi.org/10.1111/1467-9507.00214>
- Oberle, E., Ji, X. R., Guhn, M., Schonert-Reichl, K. A. og Gadermann, A. M. (2019). Benefits of extracurricular participation in early adolescence: Associations with peer belonging and mental health. *Journal of Youth and Adolescence*, 48, 2255–2270. <https://doi.org/10.1007/s10964-019-01110-2>
- Parker, J. G. og Asher, S. R. (1993). Friendship and friendship quality in middle childhood: Links with peer group acceptance and feelings of loneliness and social dissatisfaction. *Developmental Psychology*, 29(4), 611–621. <https://doi.org/10.1037/0012-1649.29.4.611>
- Piaget, J. (2001). *The psychology of intelligence*. Routledge Classics (frumútgáfa 1950).

- Raboteg-Saric, Z. og Sakic, M. (2014). Relations of parenting styles and friendship quality to self-esteem, life satisfaction and happiness in adolescents. *Applied Research Quality Life*, 9, 749–765. <https://doi.org/10.1007/s11482-013-9268-0>
- Rose, A. J., Borowski, S. K., Spiekerman, A., og Smith, R. L. (2022). Children's friendships. In P. K. Smith og C. H. Hart (Ritstjórar), *The Wiley-Blackwell handbook of childhood social development* (bls. 653–673). John Wiley & Sons.
- Rudolph, K. D. (2010). Implicit theories of peer relationships. *Social Development*, 19(1), 113–129. <https://doi.org/10.1111/j.1467-9507.2008.00534.x>
- Selman, R. L. (1980). *The growth of interpersonal understanding*. Academic Press.
- Sigrún Aðalbjarnardóttir. (2007). *Virðing og umhyggja: Ákall 21. aldar*. Heimskringla – Háskólaforlag Máls og menningar.
- Sigrún Aðalbjarnardóttir. (2019). *Lífssögur ungs fólks: Samskipti, áhættu hegðun, styrkleikar*. Háskólaútgáfan.
- Sóley S. Bender. (2021). Rýnihóparannsóknir. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstjóri), *Rannsóknir: Handbók í aðferðafræði* (bls. 227–295). Háskólinn á Akureyri.
- Thomaes, S., Brummelman, E. og Sedikides, C. (2017). Why most children think well of themselves. *Child Development*, 88(6), 1873–1884. <https://doi.org/10.1111/cdev.12937>
- van der Wal, R. C., Karremans, J. C. og Cillessen, A. H. N. (2017). Causes and consequences of children's forgiveness. *Child Development Perspective*, 11(2), 97–101. <https://doi.org/10.1111/cdep.12216>
- Waldinger, R. og Schulz, M. (2023). *The good life: Lessons from the world's longest scientific study of happiness*. Simon & Schuster.
- Weissberg, R. P., Durlak, J. A., Domitrovich, C. E. og Gullotta, T. P. (2016). Social and emotional learning: Past, present and future. Í J. A. Durlak, C. E. Domitrovich, R. P. Weissberg og T. P. Gullotta (ritstjórar), *Handbook of social and emotional learning: Research and practice* (bls. 3–19). Guilford Press.
- Woods, B., Woods, K., Miller, C. F. og Wheeler, L. A. (2020). *The role of growth mindset in friendship selection and influence*. Arizona State University. <https://par.nsf.gov/servlets/purl/10205158>
- Yeager, D. S. og Dweck, C. S. (2020). What can be learned from growth mindset controversies? *American Psychologist*, 75(9), 1269–1284. <https://doi.org/10.1037/amp0000794>
- Yeager, D. S. og Miu, A. (2011). Implicit theories of personality predict motivation to use prosocial coping strategies after bullying in high school. Í G. M. Reevy og E. Frydenberg (ritstjórar), *Personality, stress and coping: Implications for education* (bls. 47–62). Information Age Publishing.
- Yeager, D. S., Trzesniweski, K. H., og Dweck, C. S. (2013). An implicit theories of personality intervention reduces adolescent aggression in response to victimization and exclusion. *Child development*, 84(3), 970–988. <https://doi.org/10.1111/cdev.12003>
- Yeager, D. S., Trzesniewski, K. H., Tirri, K., Nokelainen, P. og Dweck, C. S. (2011). Adolescents' implicit theories predict desire for vengeance after peer conflicts: Correlational and experimental evidence. *Developmental Psychology*, 47(4), 1090–1107. <https://doi.org/10.1037/a0023769>
- Zhang, Q. og Zhao, H. (2017). An analytical overview of Kohlberg's theory of moral development in college moral education in mainland China. *Open Journal of Social Sciences*, 5(8), 151–160. <https://doi.org/10.4236/jss.2017.58012>



Marit Davíðsdóttir og Eyrún María Rúnarsdóttir. (2025).

Hunsa, forðast, fyrirgefa: Sýn barna á árekstra vina og grósku- og festuhugarfar í vináttu

Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun. Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

<http://netla.hi.is>

DOI: <https://doi.org/10.24270/netla.2025/13>